

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016, Álftanesvegur og blönduð byggð á Garðaholti.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 2. febrúar 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016 frá 12. júlí 2006.

Breytingin felst í því að lega nýs Álftanesvegur frá Garðahrauni/Gálgahrauni að sveitarfélaga- mörkum við Álftanes færast til suðurs á 1,5 km kafla. Vegurinn fer inn á svæði sem áður var skilgreint sem blönduð byggð (íbúðir, verslun og þjónusta, þjónustustofnanir og opin svæði til sérstakra nota). Við breytinguna verður byggð beggja vegna við Álftanesveg og er ein veltenging á milli svæðanna. Á svæðinu norðan Álftanesvegur er gert ráð fyrir svæði fyrir þjónustustofnanir með lág- reistri byggð. Lega göngustíga um svæðið breytist og gert er ráð fyrir undirgöngum undir Álftanesveg.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.